

**Mál nr. 240/2022****Nafn málskotsaðila (M):****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. október 2022.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M slasaðist þann 4. febrúar 2021 við vinnu sína sem kennari í grunnskólanum A sem er rekinn af X. Slysið varð með þeim hætti að M var á gangi frá ljósritunarvél um gang skólans þegar hún gekk harkalega á eldvarnartjald. Um er að ræða eldvarnartjald með þykkum stálramma sem M rak höfuðið í og fékk við það töluvert höfuðhögg. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 11. febrúar 2021 olli bilun í rafbúnaði því að tjaldið hafði sigið en undir venjulegum kringumstæðum á það að vera híft upp. Kveðst M ekki hafa orðið vör við neinar aðvaranir varðandi framangreinda bilun þegar hún gekk á tjaldið auk þess sem hún kveður engin sýnileg viðvörunarmerki hafa verið sett upp við tjaldið. Þann 8. júlí 2021 gerði M kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Af hálfu V var bótaskylda hafnað með bréfi dags. 14. júní 2022.

M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að tjaldið var vanbúið og aðstæður á slysstað hættulegar. X hafi borið að vara starfsmenn og nemendur við slyshættu sem skapaðist við það að brunatjaldið féll niður. Ríkar skyldur eru lagðar á umsjónarmenn skólahúsnæðis að tryggja að umferðarleiðir nemenda og kennara séu greiðar. Þá hvílir einnig athafnaskylda á eigendum fasteigna varðandi umbúnað fasteigna og sú aðgæsluskylda að koma í veg fyrir að þeir sem eiga erindi í fasteign verði fyrir tjón. Til stuðnings kröfu sinni hefur M vísað til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, laga nr. 75/2000 um brunavarnir, reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, IV. kafla reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. Enn fremur vísar M til þess að starfsmenn A höfðu vitneskju um þá hættu sem stafaði af tjaldinu en þetta var ekki í fyrsta sinn sem staðsetning eldvarnartjaldsins olli skaða. Samstarfskonur M höfðu einnig gengið á tjaldið og ein þeirra orðið fyrir meiriháttar áverka. Vísar M þessu til stuðnings til tölvubréfs skólastjóra A dags. 1. október 2021 þar sem fram kemur að nokkur slys hafi þegar orðið vegna tjaldanna. Vísar M einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 403/2021 sem þar fjallað var um slys samstarfskonu M sem gekk á sama brunatjald u.þ.b. ári áður. Telur M að rekja megi orsök slyssins til vanbúnaðar á eldvarnartjaldi og athafnaleysis X en það hefði verið X í lófa lagið að taka til frekari aðgerða í því skyni að leita allra ráða til að koma í veg fyrir slys, t.a.m. að ganga í stofur og vara við hættunni, loka ganginum eða setja upp viðvörunarljós eða aðrar þær merkingar sem vegfarendum um ganginn hefði ekki getað dulist. Að lokum hafnar M því alfarið að slysið megi rekja til aðgæsluleysis M eða óhappatilviljunar.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að stjórnendur A hafði gert allt í sínu valdi til að vekja athygli á þeim aðstæðum sem sköpuðust við tjaldið. Kallað var samstundis í viðgerðmann, merkingar voru settar mjög fljótlega, en kennsluborðum og stólum var stillt upp í gangveginn sitt hvoru megin og tölvupóstur sendur til allra starfsmanna skólans þar sem athygli var vakin á tjaldinu. Hafnar X því sem röngu og ósönnuðu að fleiri starfsmenn en M og sú sem fjallað var um í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 403/2021 hafi orðið fyrir tjóni vegna tjaldsins. Orsök slyssins er aðgæsluleysi M en þegar hún var á leið sinni frá ljósritunarvélinni til baka var hún að lesa þá pappíra sem hún hafði sótt, þrátt fyrir að hafa gengið fram hjá tjaldinu áður og því haft vitneskju um að það væri niðri.

**Álit.**

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna vinnuslyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og hvílir það á M að

sýna fram á það. Eldvarnartjaldið hafði sigið niður þegar umsjónarmaður A mætti til vinnu að morgni slysdagsins. Kallað var eftir viðgerðarmanni kl. 7.48 og gekk M á tjaldið kl. 12.30. Í málinu liggja fyrir tölvupóstar frá umsjónarmanni grunnskólans A til fyrrv. skólastjóra að morgni slysdags þar sem fram kemur að tjaldið væri aftur sigið niður og að hann hafi „merkt þetta vel“. Lagði V einnig fram tölvupóst sem sendur var til allra starfsmanna skólans þar sem varað var við því að eldvarnartjaldið væri niðri en eins og lögmaður M bendir á í viðbótarhugasemdum sínum er sá tölvupóstur dagsettur nokkrum dögum fyrir slys það sem hér um ræðir. Liggur því ekki fyrir hvort sambærilegur póstur hafi verið sendur til starfsmanna á slysdaginn þann 4. febrúar 2021. Einnig liggja ekki fyrir myndir, vitnisframburðir eða annars konar sönnun á því að umsjónarmaður hafi merkt svæðið með áberandi hætti. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Telja verður að sérstaklega ríkar skyldur séu lagðar á umsjónarmenn skólahúsnaðis að tryggja að umferðarleiðir nemenda og kennara séu greiðar. Séu hindranir á umferðarleiðum til staðar ber að vara sérstaklega við hættunni. Óumdeilt er að X hafði vitneskju um að tjaldið hafði fallið niður og að það gæti valdið slyshættu sér í lagi þar sem X vissi að starfsmaður skólans slasaðist vegna eldvarnartjaldsins þann 7. janúar 2020, rétt rúmu ári áður. Mátti M ekki búast við slíkri hindrun á leið sinni um ganginn og bar X að hafa frumkvæði að því að upplýsa starfsmenn og nemendur skólans um hættuna sem af tjaldinu stafaði. Að gættum þeim ríku skyldum sem hvíla á umráðamönnum fasteigna til að takmarka slyshættu verður að telja að X hafi borið að grípa til allra ráða til að koma í veg fyrir slys þegar ljóst var að tjaldið á ganginum hafði farið niður. Þess gætti X ekki og af þeim sökum ber X skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekkert í málinu bendir til þess að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í aðdraganda tjónsins og verður því ekki látin bera hluta tjóns sín sjálf, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

#### Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir